

Nd.

### 343. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að halda niðri dýrtiðarvisitölu með fjárgreiðslum úr ríkissjóði og um áhrif nokkurra landbúnaðarafurða á visitöluna.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

#### 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að verja fé úr ríkissjóði til þess að halda niðri dýrtiðarvisitölu á tímabilinu frá 15. sept. 1945 til jafnlengdar næsta ár, svo sem með niðurgreiðslu á tilteknum neyzlувörum eða á annan hátt.

Ef vara er sold tvønns konar verði vegna ráðstafana ríkisstjórnarinnar og hún sér um, að hæfilegt neyzlumagn vörunnar og ekki undir því magni, sem reiknað er í visitölu, að viðbættum 25% sé á boðstólum með lægra verðinu, skal vísitalan eingöngu miðuð við það.

#### 2. gr.

Verðlag á kjöti af sauðfé, sem slátrað er til sölu á tímabilinu frá 1. ágúst til 20. september 1946, og á kartöflum, sem teknar eru upp og seldar á sama tíma, skal eigi hafa áhrif á visitöluna, enda sé á boðstólum nægilegt magn af þessum vörum með því verði, sem reiknað er með í visitölunni.

#### 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.